

Jólafundur Beta- og Mýdeilda haldinn 4. desember 2014 í Hrafnagilsskóla

Mættar voru um 35 konur og 1 gestur

1. Setning fundar

Björk formaður Betadeildar setti fundinn og Ingibjörg formaður Mýdeildar kveikti á kertunum. Formenn beggja deilda fluttu kveðjur frá fjarstöddum konum.

2. Tónlistaratriði

María Gunnarsdóttir frá Betadeild og Ragnheiður Júlíusdóttir frá Mýdeild sungu nokkur jólalög við undirleik Ingólfs Jóhannssonar, Eiríks Stephensen og Petru Óskarsdóttur frá Mýdeild.

3. Orð til umhugsunar

María Steingrímsdóttir frá Betadeild flutti jólaminningar frá Dalvík. Þar hefur verið siður frá 1938 að jólasveinninn færi íbúum Dalvíkur jólapóstinn á aðfangadag og eru það börn úr Grunnskóla Dalvíkur sem fara um bæinn. Hún skreytti frásögnina með skemmtilegum myndum frá gamalli tíð.

Birna Guðrún frá Mýdeild flutti hugleiðingu um jólaundirbúninginn og jólastressið. Minnti okkur á að jólnin koma hvort sem búið er að baka þessa sortina eða hina eða pússa alla glugga. Einnig að jólagjafirnar þurfa ekki að vera stórar og dýrar. Geta má þess að Birna Guðrún var nýbúin að fá viðurkenningu frá Þroskahjálpi fyrir að starfrækja klúbb fyrir ungmenntu á einhverfurófi á Akureyri.

4. Tónlistaratriði

Petra Óskarsdóttir og Ásdís Arnardóttir úr Mýdeild spiluðu á þverflautu og selló nokkur jólalög.

5. Jólamáltíð

Þá var boðið til léttrar jólamáltíðar í boði stjórna Beta- og Mýdeilda. Veitingum var vel tekið og kaffið og konfektíð rann ljúflega niður.

Pyngjan góða gekk á milli kvenna.

6. Fundi slitið

Fundi var slitið kl. 21:17 og gerðu það formenn beggja deilda.

Fundargerð ritaði Ragnheiður Sigurðardóttir.

